



Handbók – yfirbyggð hjólaskýli

Stuðningur við hönnun á stæðum fyrir hjól



Reykjavík

Efnisyfirlit

1. Meginflokkar hjólastæða
2. Lykilatriði við hönnun hjólastæða
3. Lausnir fyrir yfirbyggð hjólastæði
4. Staðsetning og stærðir
5. Dæmi úr borgarumhverfi
6. Lokaorð og næstu skref

Yfirbyggð hjólastæði

Handbók

1. útgáfa - apríl 2025



Tilgangur og markmið

- Reykjavík stefnir á að verða hjólaborg á heimsmælikvarða og yfirbyggð hjólastæði eru lykilþáttur í þeirri stefnu.
- Hjólastæði þurfa að vera örugg, aðgengileg og veita skjól fyrir veðri svo hægt sé að nota hjól allt árið.
- Góð hjólastæði draga úr líkum á stuldi og skemmdum og auka notkun reiðhjóla í daglegum samgöngum.
- Verkefnið styður við markmið um vistvænar samgöngur, öfluga vetrarþjónustu og jafnt aðgengi allra borgarbúa.



Meginflokkar hjólastæða

- **Skammtímastæði:**

Fyrir dvöl undir 2 klst. við t.d. verslanir, stofnanir og þjónustu. Þau þurfa að vera sýnileg, aðgengileg og nálægt inngöngum.

- **Langtímastæði:**

Fyrir fólk sem skilur hjólið eftir í lengri tíma, t.d. íbúar og starfsfólk. Mikil áhersla á öryggi og veðurvörn.




Lykilatriði við hönnun hjólastæða


- **Sýnileiki og aðgengi:** Að staðsetning sé í samræmi við leið notenda og hindrunarlaus aðkoma tryggð.
- **Öryggi:** Vel upplýst svæði og góðir festipunktar sem styðja við bæði hjólaramma og dekk.
- **Veðurvörn:** Þak og/eða lokaðar hliðar til að vernda hjólin.
- **Stærð og fjölbreytileiki:** Gera þarf ráð fyrir hefðbundnum hjólum, stærri nýtjahjólum og sérútbúnum hjólum.
- **Aðgengi fyrir alla:** Þarf að gera ráð fyrir aðgengi fatlaðra, barna og notenda með óhefðbundin hjól.



Lausnir fyrir yfirbyggð hjólastæði – helstu tegundir

1. **Hjólabogar/grindur:** Einföld og hagkvæm lausn, henta bæði fyrir skammtíma- og langtímaþæði.
2. **Stallaðar og tvöfaldar grindur:** Raða hjólum þétt með stýri á mismunandi hæðum eða í tveimur hæðum – plássparandi lausnir.
3. **Veggfestingar:** Henta þar sem gólfpláss er takmarkað, en ekki fyrir alla notendur (t.d. rafmagnshjól).
4. **Hjólaskápar:** Lokaðir skápar fyrir 1–2 hjól, veita hámarks öryggi og veðurvörn – hentugt við heimili, vinnustaði o.fl.
5. **Hjólabúr:** Aflokuð geymsla sem rúmar mörg hjól, oft staðsett í stað bílastæðis – auðvelt að aðgangsstýra.
6. **Hjólaskýli og skúrar:** Veita skjól fyrir veðri – opnar eða hálflokaðar útfærslur. Hjólaskúrar eru fullkomlega lokaðir.
7. **Innandyra geymslur:** Sérútbúnar rými innan bygginga með góðu aðgengi – mikilvægt að tryggja aðgengi og aðstöðu.
8. **Hjólastæðahús / bílastæðahús:** Sérhönnuð hús eða breytt svæði í bílastæðahúsum – henta þar sem mikil eftirspurn er.








Staðsetning og stærðir

- **Staðsetning og stærðir**

- Hjólastæði eiga að vera sem næst áfangastað (vinnustaðir, verslanir, skólar, samgöngumiðstöðvar).
- Venjulegt hjól þarf minnst 60x180 cm, stærri hjól upp að 100x300 cm.
- Byggingarleyfi þarf fyrir stærri yfirbyggð stæði (>15 m²).
- Í þéttum hverfum þarf samráð um nýtingu borgarlands og sérsamninga um notkun t.d. við íbúðahús og stofnanir.





Dæmi úr borgarumhverfi

- **Í bílastæðahúsum Reykjavíkur** nýtt sem yfirbyggð hjólastæði, bæði langtíma og skammtíma.
- **Almenningsgörðum**, fyrir viðburði og aðra skammtímadvöl.
- **Við verslanir og verlunarmiðstöðvar** þar sem þörf er fyrir bæði skammtíma- og langtímastæði fyrir starfsfólk og gesti.
- **Við leikskóla, skóla, íþrótta- og frístundamiðstöðvar**, þar sem börn og gestir og starfsfólk þurfa aðgengilega og örugga aðstöðu.
- **Viðburðarhald í miðborginni.**





Lokaorð og næstu skref

- Fjölbreyttar lausnir eru til fyrir mismunandi aðstæður og notendur.
- Til að styðja við hjólreiðar sem raunhæfan ferðamáta þarf að fjárfesta í öruggum, aðgengilegum og fjölbreyttum hjólastæðum.
- Forgangsraða skal staðsetningum og útfæra lausnir í samráði við notendur, skipulag og þjónustu borgarinnar.
- Handbókin veitir góð viðmið fyrir val, útfærslu og innleiðingu lausna í þéttbýli og við uppbyggingu borgarinnar.
- Uppfærsla á handbók eftir því sem reynsla og þekking bætist við.



Reykjavík



Reykjavík

Yfirbyggð hjólastæði

Handbók

I. útgáfa - apríl 2025

EFNISYFIRLIT

1	Tveir megin flokkar hjólastæða	3
1.1	Skammtíma stæði	3
1.2	Langtíma stæði	3
2	Lykilatriði varðandi hjólastæði	4
3	Lausnir fyrir skammtíma hjólastæði.....	5
4	Lausnir fyrir yfirbyggð hjólastæði	6
4.1.1	Stallaðar festingar og grindur	6
4.1.2	Grindur á tveimur hæðum.....	6
4.1.3	Veggfestar grindur.....	6
4.2	Hjólaskápar	7
4.3	Hjólábúr.....	7
4.4	Hjólaskýli	8
4.5	Hjólaskúr	9
4.6	Hjólageymsla innan húss	9
4.7	Hjólastæðahús.....	9
4.8	Hjólastæði innan bílastæðahúss.....	10
5	Staðsetningar og stærðir	12
5.1	Helstu stærðir	12
6	Heimildir.....	15

Samkvæmt Hjólréiðaáætlun Reykjavíkur stefnir borgin á að verða hjólaborg á heimsmælikvarða. Til að ná þessu þurfa innviðir og þjónusta að styðja við notkun reiðhjóla sem samgöngumáta allt árið.

Svo að fólk velji hjólréiðar sem fyrsta val í samgöngum er nauðsynlegt að tryggja örugg og aðgengileg hjólastæði, sem eru lykilþáttur í að hvetja til aukinnar notkunar hjóla.

Margar hjólaferðir enda annars staðar en á heimili hjólréiðamannsins og þar af leiðandi þarf að vera hægt að leggja hjólinu sínu og geyma án þess að hafa áhyggjur af því verði stolið. Og fyrir þá sem búa í fjölbýlishúsum eða öðrum stöðum með takmörkuðu plássi getur spurningin líka verið hvar er hægt geyma hjólið heima við.

1 TVEIR MEGIN FLOKKAR HJÓLASTÆÐA

Hér er hjólastæði flokkuð í tvo megin flokka eftir því hve lengi stendur til að nota stæðin. Skammtíma stæði miða við að hjól standi í allt að 2 klst. í stæði en langtíma stæði miði við að hjól standi lengur en það.

1.1 SKAMMTÍMA STÆÐI

Skammtíma stæði eru hönnuð til að mæta þörfum fólks sem heimsækir fyrirtæki og stofnanir, eða aðra staði, í allt að tvær klukkustundir.

Notendur skammtíma stæða eru meðal annars gestir sem eru á hraðferð og að koma í fyrsta skipti og því þurfa stæðin að vera sýnileg, aðgengileg og notkun þeirra skýra sig sjálf. Þannig ættu stæðin að vera nálæg aðkomu og inngöngum, að hámarki 15 m frá (til viðmiðunar).

Markmiðið er að ekki þurfi að útskýra notkun þeirra sérstaklega, þau blasa við þegar komið er að áfangastað, aðgengileg og með viðeigandi lýsingu. Þá eiga notendur ekki þurfa að hafa áhyggjur af því að hjólin séu fyrir eða í hættu, þannig að þau séu ekki í gangvegi eða fyrir akandi umferð.

Með því að staðsetja stæðin nálægt inngöngum, hafa þau vel lýst í skammdeginu og góðar festingar/grindur til að læsa við, er verið að veita ákveðið öryggi um hjólinu verði ekki stolið á meðan skotist er inn.

1.2 LANGTÍMA STÆÐI

Notendur langtíma stæða leggja meiri áherslu á öryggi og skjól fyrir veðri. Þetta eru gjarnan notendur sem koma aftur og aftur, t.d. íbúar, notendur almenningssamgangna og starfsfólk.

Þeir skilja oft reiðhjólin sín eftir án eftirlits í nokkrar klukkustundir eða lengur, svo þeir krefjast öryggis og skjóls sem leyfir þeim að leggja án þess að þurfa að hafa áhyggjur af stuldi eða skemmdum á hjólum sínum. Staðsetning er því ekki lengur aðalatriðið heldur öryggi og skjól. Þar koma yfirbyggð hjólastæði sterkt inn.

Langtíma stæði geta verið margs konar, þar á meðal herbergi innan íbúðarhúsnæðis eða vinnustaðar, afgirt svæði innan bílastæðahúss, eða röð af hjólaskápum.

Með langtíma stæðum er hægt að huga að aðgangsstýringu, sér í lagi ef notendur eru skilgreindur hópur eins og íbúar eða starfsfólk á ákveðnum vinnustað. Sum langtíma stæði eru opin almenningi og geta verið án aðgangsstýringar.

Langtímastæði þurfa gjarnan meira pláss og meiri undirbúning heldur en skammtímastæði. Þá má alla jafnan gera ráð fyrir fleiri hjólum í langtímastæðum sem kallar á lausnir til að koma fyrir fleiri hjólum

2 LYKILATRÍÐI VARÐANDI HJÓLASTÆÐI

Þegar hjólastæði eru hvergi sjáanleg eða skortir alveg bregður hjólréiðafólk á það ráð að læsa hjólum sínum við hvað sem á hönd festir. Þetta getur leitt til skemmda á ljósastaurum eða handriðum auk þess að hjólin geta staðið í vegi fyrir aðra umferð.


Með því að huga að eftirfarandi þáttum er hægt að skapa betri aðstöðu fyrir hjólréiðar og stuðla þannig að aukinni notkun hjóla sem samgöngumáta:

1. Sýnileiki og staðsetning

- Hjólastæði til skemmri tíma þurfa að vera sýnileg og auðvelt að nálgast þau. Miða skal við innan við 15 m fjarlægð frá inngöngum. Hjólastæði eiga ekki að vera lengra frá en næsta nálæga bílastæði.
- Hjólastæði ættu að vera nálægt helstu áfangastöðum, svo sem vinnustöðum, skólum, verslunum og þjónustubyggingum.

2. Öryggi

- Stæðin þurfa að vera vel upplýst í rökkri auk þess að vera á stöðum með eftirliti eða umferð almennings.
- Aukið öryggi felst í að hægt sé að læsa einu dekki og stellinu samtímis. Þjóða þarf upp á hjólaboga eða grindur þar sem annað dekk hjólsins og stellið fá stuðning (hjólið fær tvær snertingar). Þá getur það staðið upprétt án standara og minni líkur á það detti um koll.



Mynd 2.1 Skýringarmynd hvernig U-lás getur náð utan um stell, dekk og hjólagrind. Hjól sem næ tveimur snertipunktum getur staðið upprétt og er í lítilli hættu að detta. (Madrax án dags.)

3. Aðgengi

- Auðvelt þarf að vera að komast að stæðunum án hindrana eða hæðarmismunar. Líka í snjókomu.
- Aðgengi þarf að vera þannig að hjól í stæði séu í vari frá bílaumferð og hindri ekki aðra umferð, gangandi, hjólastóla eða barnavagna. Einnig má ekki hindra neyðarútganga, flóttaleiðir eða aðkomu neyðarþjónustu.
- Gera þarf ráð fyrir hjólastæðum fyrir fólk með sérþarfir, eins og þau sem nota sérútbúin hjól (t.d. handknúin hjól) eða eru á stærri fjölskyldu- eða nytjahjólum (e. cargobike).

4. Vörn gegn veðri

- Hjólastæði sem bjóða upp á skjól fyrir regni, snjó og sól lengja líftíma hjóla og gera notkun þægilegri fyrir hjólréiðafólk. Þetta er sér í lagi mikilvægt fyrir langtíma hjólastæði.

5. Stærð og rými

- Stæðin þurfa að rúma nægilega mörg hjól, sérstaklega á álagstímum eða nálægt vinsælum hjólaleiðum.

6. Hönnun og útlit

- Undirlag þarf alltaf að hafa hart og slétt yfirborð.
- Hjólastæði ættu að falla vel að umhverfinu og samræmast heildarhönnun borgarumhverfisins hverju sinni.


7. Viðbótarþjónusta - valkvætt

- Við hjólastæði má bjóða upp á aukin þægindi eins og loftdælur, þrif aðstöðu, viðgerðarstöðvar eða hleðslustöðvar fyrir rafhjól.

3 LAUSNIR FYRIR SKAMMTÍMA HJÓLASTÆÐI

Hjólastæði þurfa að hafa hjólaboga eða grindur þar sem hægt er að læsa öðru dekki hjóls og stelli samtímis. Þannig liggur hjólið upp við festingu og helst upprétt.

Til eru nokkrar útfærslur af festingum/grindum sem uppfylla þessar kröfur, dæmi:



Mynd 3.1 Ólíkar útfærslur á hjólabogum, U eða A á hvolfi og hringur. Þessar týpur uppfylla kröfur um tvær mögulegar snertingar við hjól og hægt að læsa bæði dekki og stelli við. (Federal Highway Administration 2006).

Þessar útfærslur henta líka fyrir flest allar stærðir og gerðir af hjólum.

Hjólabogar eru líklega besta lausnin fyrir allar gerðir stæða sem uppfyllir öll lykilatriði í leiðinni (sjá hér á undan). Einnig má nota hjólaboga fyrir langtíma stæði, þá með viðbótum eins og skýli eða skyggni.

Lausnir sem EKKI er mælt með


Ekki er hægt að mæla með grindum þar sem annað dekk hjóls er klemmt til að halda því uppréttu þar sem þungi hjóls hvílir þá á dekkinu sjálfu eða gjörðunum sem getur skemmt eða beyglað gjarðir. Dæmi um útfærslur sem **EKKI** er mælt með:



Mynd 3.2 Dæmi um grind þar sem allur þungi hjóls hvílir á einu dekki sem getur valdið skemmdum.

Við hjólaboga og grindur þarf að gera ráð fyrir a.m.k. 180 cm athafnaplássi (ein hjólalengd) svo hægt sé að komast auðveldlega að og athafna sig.

Miða skal við að hafa að hjól þurfi að minnsta kosti 60 cm breitt svæði og 180 cm lengd.



4 LAUSNIR FYRIR YFIRBYGGÐ HJÓLASTÆÐI

Þegar hjólastæði eru yfirbyggð og bjóða upp skjól fyrir veðri má skoða lausnir þar sem stæðin standa þéttar og hjólum er staffað nær hvor öðru.

Eftirfarandi lausnir henta yfirbyggðum skýlum þegar fjölga þarf stæðum og pláss er af skornum skammti (APBP 2015). Þessar lausnir henta þó illa fyrir stærri hjól, hjólavagna eða sérútbúin hjól.

4.1 STALLAÐAR FESTINGAR OG GRINDUR



Hægt er fá stallaðar hjóla-festingar og grindur þar sem hjól eru látin standa mishátt svo að hægt sé að raða hjólum þéttar án þess að stýri þeirra rekist í hvert annað.

Hér þarf að passa að festingin/ grindin haldi ekki bara í eitt dekk hjólsins þar

sem slíkt eykur líkur á skemmdun.

4.2 GRINDUR Á TVEIMUR HÆÐUM



Til að setja hjól á hæðir verða að vera grindur sem aðstoða við að lyfta hjólum upp á efri hæð. Mikilvægt að grindurnar hjálpi eða gefi stuðning svo aðgengi að grindunum sé gott fyrir alla, líka þá sem eru ekki líkamlega sterkir.


Gæta þarf varúðar vegna mögulegri hættu á hjól detti niður af efri rekka. Hér hallar á rafmagnshjól sem eru gjarnan þyngri.

Gera þarf ráð fyrir athafnaþlássi, að minnsta kosti sem nemur einni hjólalengd eða 180 cm.



Mynd 4.1 Dæmi um lausn þar sem notaðar eru grindur á tveimur hæðum. Hér er góð lausn notuð þar sem grindurnar bjóða upp á auka stuðning og festingu fyrir hjólin. Þó mætti vera meira athafnarými fyrir aftan grindurnar.

4.3 VEGGFESTAR GRINDUR




Til eru lausnir sem bjóða upp á að hengja hjól upp á vegg til að spara gólfpláss. Aftur hallar á rafmagnshjól sem eru gjarnan þyngri. Til eru grindur og aðrar lausnir sem létta til við og auðvelda uppsetningu hjóla.

4.4 HJÓLASKÁPAR

Hjólaskápar eru einföld lausn fyrir langtímastæði þar sem sjálfstætt hólf heldur utan um hvert hjól. Skáparnir veita góða vörn gegn skemmdum og veðri. Auðvelt er að læsa og loka hjólin af með ýmislegum lausnum í aðgangsstýringu.


Til eru bæði einfaldir (eitt hjól í hvern skáp) eða tvöfaldir þar sem tvö hjól fara inn í hvern skáp, sitt hvoru megin og oftast með skilrími skáhalt sem skiptir skápnum í tvennt. Einfalt er að raða nokkrum skápum í röð. Ekki er mælt með að hafa skápana á tveimur hæðum.



Mynd 4.2 Hjólaskápa geta ýmist verið einfaldir eða tvöfaldir. Einfalt er að raða þeim saman í röð.

4.5 HJÓLABÚR

Hjólabúr bjóða upp á einfalda, aflokaða geymslu hjóla sem auðvelt er að setja upp og koma fyrir á sléttu yfirborði. Stærð þeirra miðar gjarnan við að komast fyrir í bílastæði, (2,5 x 5 m) en þá má koma sex hjólum þar fyrir. Hliðar eru ýmist alveg lokaðar er gegnsæjar. Auðvelt er að stýra aðgangi.



Mynd 4.3 Hjólabúr sem getur passað í eitt bílastæði.



Mynd 4.4 Hjólabúr eru einföld lausn til að breyta bílastæði í yfirbyggð hjólastæði.



Mynd 4.5 Hjólastýli er í grunnin þak sem skýlir fyrir ofankomu. Það dugar þó skammt á Íslandi og æskilegast að stýli séu einnig lokuð á a.m.k. eina hlið.

4.6 HJÓLASKÝLI

Með hjólastýli er átt við þak sem skýlir hjólastæðum og með að minnsta kosti eina opna hlið.

Hægt er að útbúa ýmsar lausnir af stýlum yfir hjólastæði. Í grunninn er um að ræða þak sem skýlir fyrir úrkomu. Það dugar þó skammt og æskilegast að stýli hafi, auk þaks, lokun á eina hlið eða fleiri. Stýli henta ekki þar sem loka þarf hjól alveg af vegna öryggis. Stýli eru góð viðbót við skammtíma lausnir þar sem ýmsar útfærslur eru í boði.



Mynd 4.6 Dæmi um hjólastýli sem eru opin á eina hlið.

4.7 HJÓLASKÚR

Hjólastúr er geymsla sem er alveg lokuð af, það er þak og allar hliðar lokaðar. Veitir mjög góða veðurvörn hvort heldur sem skúrin sé upphitaður eða ekki. Auðvelt er að stýra aðgengi. Eins og með hjólastýli er hægt að útfæra skúra á ýmsan máta.

Ef stendur til að hafa skúr upphitaðan þarf alltaf að sækja um

4.8 HJÓLAGEYMSLA INNANDYRA

Hjólageymsla innandyrna skal vera sér rými eða vel afmarkaður hluti rýmis sem býður upp á hjólastæði, festingar eða grindur fyrir hjól. Hún skal veita fullkomna vernd gegn veðri og auðvelt aðgengi.

Helsta áskorunin er aðkoman með hjólin. Nauðsynlegt er að tryggja að hægt sé að færa hjól inn og út án þess að þurfa að halda hurðum opnum með handafli. Þá þarf að gera ráð fyrir rennu eða rampi ef hæðarmismunur er til staðar.

Best er að hjólageymsla opnast beint út í götu eða garð á sömu hæð. Að öðrum kosti skal hún vera beintengd við stigahús á götuhæð. Hjólastæði í kjallara eru ekki góð lausn nema beinn aðgangur sé tryggður með rampi sem uppfyllir skilyrði um algilda hönnun, þar með talið halla og hvíldarsvæði.

Hjólastæði sem hluti af stefnu borgarinnar um hjól og bílastæði ættu ekki að vera staðsett í sérgeymslum íbúða.

4.9 HJÓLASTÆÐAHÚS

Herbergi, hluti eða heilt hús ætlað undir geymslu hjóla og er aðgengilegt almenningi stóran hluta dags. Hér er sama hugsun og með bílastæðahúsi nema hér er plássíð nýtt undir hjólastæði.

Hentar þar sem mikil þörf og eftirspurn er eftir mörgum hjólastæðum daglega. Bíður upp á möguleika á háu þjónustustigi, alls konar vöktun og aðgangsstýringar.



Mynd 4.7 Dæmi hjólastæðahúsi með háu þjónustustig. Upplýsingaskilti vísa vegin og segja til um fjölda lausra stæða. Myndir: [Interreg](#)



Mynd 4.8 Nýlegt hjólastæðahús á aðalstarstöðinni í Amsterdam. Myndir [Guiding Architects](#)

4.10 HJÓLASTÆÐI INNAN BÍLASTÆÐAHÚSS

Önnur lausn sem byggir á sömu hugsun og bílastæðahús er að nota hluta af bílastæðahúsum undir hjólastæði.

Hægt er að breyta bílastæðum eða vannýttum svæðum í hjólastæði.

Aðgengi og aðgangsstýringar ráðast þá af aðstæðum hverju sinni.

Huga þarf sérstaklega að merkja þá leið sem hægt er að fara með hjól þar sem bílastæðahús eru flest sett upp og hönnuð út frá akandi umferð.



Mynd 4.9 Bílastæði í bílastæðahúsi undir Ráðhúsinu breytt í hjólastæði.

Tafli 1 Samanburður á helstu gerðum hjólastæða

Gerð	Nýting	Kostir	Gallar	Leyfismál
Óvarðir hjólabogar/ hjólagrindur	Til skemmri tíma 0-2 tímar	Taka minna pláss Ódýrari Auðvelt að taka niður	Ekkert skjól fyrir veðri.	Þarf ekki að fá sérstakt leyfi nema umfang og fjöldi stæða sé þeim mun meiri og hindrar ekki umferð gangandi, hjólastóla eða aðkomu viðbragðsaðila.
Hjólaskýli/ hjólaskyggni	Skemmri tíma 0-6 tímar	Lítill viðbót við boga/stæði	Skýlir ekki fyrir öllum veðrum.	Undanþegin byggingarleyfis ef þau eru undir 15 m ² , ekki hærri en 2,5 m og ekki upphituð.
Hjólaskápar	Lengri tíma 2+ tímar	Hjól eru lokuð af og sjást ekki.		Undanþegin byggingarleyfis ef þau eru undir 15 m ² , ekki hærri en 2,5 m og ekki upphituð.
Hjólabúr	Lengri tíma 5+ tímar	Hjól eru lokuð af	Skýlir ekki fyrir öllum veðrum. Oft sést inn.	Undanþegin byggingarleyfis ef þau eru undir 15 m ² , ekki hærri en 2,5 m og ekki upphituð.
Hjólaskúr	Lengri tíma 5+ tímar	Hjól eru lokuð af		Undanþegin byggingarleyfis ef þau eru undir 15 m ² , ekki hærri en 2,5 m og ekki upphituð.
Hjólastæðahús	Lengri tíma 24+ tímar	Hjól eru lokuð af Mjög hátt þjónustustig	Dýr lausn Tekur mikið pláss	Þarf byggingarleyfi og vera í samræmi við deiliskipulag.

5 STAÐSETNINGAR OG STÆRÐIR

Þegar kemur að staðarvali fyrir yfirbyggð hjólastæði þarf fyrst að hafa notendur í huga. Fyrir hverja eru stæðin og hvar eru áfangastaðir þeirra?

Fyrstu svæðin til að skoða eru upphaf og endir hjólaferða, sem í flestum tilfellum er þá heimili og vinna/skóli.

Gera má ráð fyrir þörf á hjólastæðum við:

- skóla,
- íþróttamannvirki,
- samkomustaði,
- verslunarkjarna,
- matvörubúðir,
- stóra vinnustaði,
- samgöngumiðstöðvar og biðstöðvar almenningssamgangna.

Staðsetning hjólastæða hefur mikil áhrif á það hvort stæðin eru notuð. Hjólastæði ættu að vera sem næst áfangastað og þá frekar á fleiri stöðum en færri. Best er ef þau eru í leiðinni að áfangastað þ.e.a.s. að ekki þurfi að fara framhjá áfangastað til að komast að hjólastæðum. Hér gildir því nær, því betra. Séu hjólastæði yfirbyggð má koma þeim fyrir nálægt inngöngum baka til eða starfsmannainngöngum.

Gæta þarf þess að hjólastæði séu ekki sett baka til eða í horn þar sem er engin umferð fólks þar sem slíkt eykur verulega líkur á skemmdaverkum og stuldi.

Almenna reglan er að ef hjólastæði eigi að vera séreign eða aðgangsstýrð skal leysa það innan lóðar. Stæði í borgarlandi eru í eigu og umsjá borgarinnar. Undantekningin eru sérsamningar um aðgengi hjólastæða í borgarlandi í sérmerktum stæðum.

Það getur verið áskorun fyrir íbúa í þéttari byggðum að koma fyrir yfirbyggðum hjólastæðum þar sem lítið sem ekkert pláss innan lóða. Þá er spurning hvort borgaryfirvöld geti komið til móts við íbúa með sérsamningum eða sérafnotalóð undir hjólastæði, líkt og þekkist með djúpgámalausnir. Einnig má skoða hvort hægt sé að koma fyrir hjólastæðum í nálægum bílastæðahúsi.

Þegar kemur að nánari að vali á staðsetningu þarf að huga til þess að undirlag sé jafnslétt með hellulögn eða steipt yfirborð.

Þá ræðast það af aðstæðum hvernig lausn hentar hverju sinni. Hversu mikið pláss er til staðar fyrir yfirbyggð hjólastæði?

Í flestum tilfellum má gera ráð fyrir blönduðum lausnum þar sem almennt er þörf fyrir bæði skammtíma og langtíma hjólastæði sem þarf að útfæra eftir aðstæðum hverju sinni.

5.1 HELSTU STÆRÐIR

Svo að hjólastæði valdi ekki óþægindum eða ósætti þarf nægilegt rými fyrir bæði stæðin sjálf og nægilegt athafnarými fyrir bæði hjólréiðafólk og aðra sem eiga leið um.

Í grunninn má gera ráð fyrri að eitt reiðhjól taki að minnsta kosti pláss sem nemur 60 x 180 cm.


Huga þarf líka að stæðum fyrir fólk með sérþarfir á sérútbúnum hjólum, með tengivagna og stærri fjölskyldu- eða nytjahjól (e. cargobike). Slík hjól þurfa að minnsta kosti pláss sem nemur 100 x 300 cm.

Það fer svo eftir grindum og festingum hversu mörgum hjólum er hægt að koma fyrir.


Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir yfirbyggð hjólaskýli sem eru stærri en 15 m².

Ef niðurstaðan er að koma þarf fyrir fleiri en 10 hjólum í yfirbyggðum hjólastæðum má áætla að þurfi meira 15 m².

Myndir 5.1 og 5.2 sýna hvaða stærðir þarf að hafa í huga til að koma fyrir hjólastæðum við mismunandi aðstæður.



Mynd 5.1 Yfirlit yfir stærðir og þarfir til að koma hjólum vel fyrir innandyrna. Mynd frá DDOT (Júní 2018).



Mynd 5.2 Yfirlit yfir stærðir og þarfir til að koma hjólastæðum haganlegal fyrir á gangstéttum. Allar stærðir eru lágmarks viðmiðanir. DDOT (Júní 2018).

6 HEIMILDIR

APBP, Association of Pedestrian and Bicycle Professionals. 2015. „Essentials of Bike Parking. Revision 1.0.“

DDOT, The District Department of Transportation. Júní 2018. *Bike Parking Guide*. Washington: District of Columbia (DC).

Federal Highway Administration. 2006. *Federal Highway Administration University Course on Bicycle and Pedestrian Transportation. Lesson 17: Bicycle Parking and Storage*. U.S. Department of Transportation. Skoðað 5. febrúar 2025.
<https://www.fhwa.dot.gov/publications/research/safety/pedbike/05085/pptchapt17.cfm>.

Madrax. án dags. *Bike Parking | A Comprehensive Guide*.
<https://www.madrax.com/bike-parking-guide#design>.